



EFTIRLITSSKÝRSLA

URÐUNARSTAÐUR ÚRGANGS Á BRANDSBÖLUM, BORGARFIRÐI EYSTRÍ

Dagsetning 12.7.2012

Fyrirtæki Sorpurðun
Borgarfjarðarhrepps, Brandsbölum

Heimilisfang Borgarfjarðarhreppur,
Hreppsstofa 720 Borgarfjöldur

Kennitala 480469-3549

Isat nr.

Starfsemi Urðun úrgangs

Fulltrúi HAUST: Helga Hreinsdóttir,

Starfsleyfi, gildir til 1.2.2017

Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit

Fulltrúar fyrirtækis Jón Þórðarson,
sveitarstjóri

Staðsetning starfstöðvar (hnit)
65° 31,031'N, 13° 49,245'W (ISN93:
739.320, 567.468)

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfseminu og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var staðfest í eftirliti varðandi daglega þekju úrgangs.

UMFANG EFTIRLITS

Ekið var inn á urðunarsvæðið og gengið að urðunarreinum.

FRÁVIK OG ATHUGASEMIDR

Frávik 1

Hlerar yfir urðunargryfjum fyrir heimilisúrgang og lífrænan úrgang voru illa farnir og gryfjurnar því að hluta til opnar.

Frávik frá grein 2.4 í starfsleyfi þar sem segir: „Daglega skal þekja allan lífrænan úrgang, sem meindýr sækja í og allan úrgang sem getur fokið, með þekju sem hindrar aðgang meindýra og fok.“

Önnur atriði:

Skráningar á magni úrgangs skv. lið 3.1 í starfsleyfi hafa verið sendar til Umhverfisstofnunar. Óskað er eftir að afrit verði sent til HAUST, sbr. liður 3.6.

Rekstaraðili hefur sent Umhverfisstofnun viðbragðsáætlun með neyðaráætlun og áhættumati dags. 19.7., sbr. gr. 3.2, 3.4 og 3.5 í starfsleyfi.

Á vettvangi var sérstaklega horft eftir hvar og hvernig væri unnt að fylgjast með mengun grunnvatns og sigvatni frá urðunarsvæðinu, sbr. gr. 2.6 og 2.7 í starfsleyfi. Svæðið er þurrt og flatt og ekki augljóst hvert sigvatn myndi skila sér. Mælt er með að þetta atriði verði rætt á samráðsfundi, sbr. gr. 3.3 í starfsleyfi.

26. júní 2012

Helga Hreinsdóttir

¹ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

¹ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

